

Ed.

5. Frumvarp til laga

[4. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

- a. Liðurinn B. 50 í 2. gr. laganna orðist svo:

Snæfjallastrandarvegur: Frá Ármúla um Snæfjallaströnd að Sandeyri.

- b. Á eftir B. 51 í sömu gr. kemur nýr liður:

Reykjarfjarðarvegur: Af Ögurvegi frá Eyri í Ísafirði um Reykjarfjörð — með afleggjara í Reykjanes — um Þúfnadal — með afleggjara í Vatnsfjörð — til Skálavíkur í Mjóafirði.

- c. Á eftir B. 55 í sömu gr. kemur nýr liður:

Seyðisfjarðarvegur: Frá Súðavík fyrir Álftafjarðarbotn um Sjtótúnahlíð og Kamsnesháls inn fyrir Seyðisfjörð að Hesti í Hestfirði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að Snæfjallastrandarvegur, sem nú er í þjóðvegatölu að Bæjum á Snæfjallaströnd, lengist út ströndina til Sandeyrar. Í annan stað er hér lagt til, að vegur um meginhluta Reykjarfjarðarhrepps liggi út með Ísafirði að skólasetrinu Reykjanesi, fyrir Reykjarfjörð, um þveran Þúfnadal með afleggjara að Vatnsfirði og þaðan að Skálavík við Mjóafjörð. — Er það álit flutningsmanns þessa frumvarps, að þessum vegi um byggðir Reykjarfjarðarhrepps beri að hraða sem mest má verða. Þriðja efnisatriði þessa frumvarps fjallar um veg um byggðina í Álftafirði og Seyðisfirði.

Væri þá mikil bót ráðin í samgöngumálum Inndjúpsins, er þessir vegir hefðu verið lagðir, þó að samfellt vegakerfi um Norður-Ísafjarðarsýslu yrði að bíða betri tíma.